

Pierre Danican Philidor (1681–1731) var kominn aftónlistar-fjölskyldu; bæði faðir hans og föðurbróðir voru mikils metin tónskáld við frönsku hirðina. Pierre fetaði í fótspor þeirra, lék á óbó og fiðlu við hirðhljómsveit konungs. Meðal kunnustu verka hans eru svítur þar sem flautan kemur við sögu. Hér hljómar svíta í fjórum þáttum, ein af sex sem komu út á bók í París árið 1717 og var fyrsti útgefni ópus tónskáldsins. Á titilsíðunni er tekið fram að svíturnar megi leika á flautu, óbó eða fiðlu, allt eftir því sem best þyki henta.

Georg Friedrich Händel (1685–1759) samdi sex sönötur sínar fyrir blokkflautu á árunum 1724–26, þá búsettur í Lundúnum og frægasta tónskáld borgarinnar. Hann var önnur kafinn við óperusmíðar þessi ár, samdi meðal annars Giulio Cesare (1724) og Rodelinda (1725), og vera má að hann hafi hugsað þessar sönötur til flutnings í hléi einnar af óperum sínum. Sónatan í F-dúr er eitt fjölmargra dæma um það hvernig Händel endurnýtti góðar hugmyndir. Tónlistin hljómaði fyrst sem tríósónata fyrir tvær flautur og fylgibassa (um 1707), og um áratug eftir að sónatan tók á sig þá mynd sem við heyrum í kvöld nýtti tónskáldið hana aftur, þá sem efnivið í orgelkonsert.

ÁHI

Martin Bernstein

blokkflauta

Hanna Loftsdóttir

barokkselló

Árni Heimir Ingólfsson

semball



Þótt tónlist sú sem kennd er við barokkskeiðið (um 1600–1750) njóti mikilla vinsælda í tónleikasölum heimsins eru fjölmörg tónskáld þessa skeiðs svo gott sem gleymd. Á þessari efnisskrá hljómar tónlist eftir fjögur af kunnustu tónskáldum barokksins (frá Ítalíu og Þýskalandi), en einnig verk eftir tvo franska höfunda sem ekki hafa notið sömu hylli.

Ferðalag okkar hefst suður í Róm, þar sem fiðluleikarinn snjalli **Arcangelo Corelli** (1653–1713) starfaði um áratuga skeið. Meðal helstu verka hans eru tólf fiðlusónötur ópus 5 sem voru gefnar út árið 1700. Þetta voru tímamótaverk í kammertónlist barokksins. Sónöturnar nutu mikillar hylli og voru útsettar með ýmsu móti; í Englandi komust þær til dæmis á prent í útsetningum fyrir blokkflautu. Í Parma var gefin út bók þar sem mátti finna eins konar blending af sönötunum númer 3 og 6 úr þessu safni. Þessa blöndu leikum við hér í kvöld enda hefur hún að geyma kafla sem jafnast á við það besta úr safni Corellis.

Jean-Baptiste Barrière (1707–47) var franskur sellisti og tónskáld sem naut mikillar virðingar í París, jafnvel hjá sjálfum Loðvík XV. Tónlist Barrières er í dæmigerðum frönskum stíl, ljúf og hljómmikil með ótal litlum aukatónum og skrauti. Sónatan sem við leikum kom út á prenti í París um 1739. Hún var upphaflega samin fyrir tvö selló en í kvöld tekur blokkflautan efri röddina. Slíkur sveigjanleiki í flutningi kammerverka var alsíða á endurreisnar- og barokkskeiðunum. Svo lengi sem tónsvið hljóðfæra var hið sama mátti alla jafna leika tónlist á það hljóðfæri sem hendi var næst.

Hægir þættir úr tónsmíðum eftir **Antonio Vivaldi** (1678–1741) og **Johann Sebastian Bach** (1685–1750) mynda eins konar millispil í efnisskránni. Fyrst hljómar innhverfur upphafspáttur sönötu Vivaldis fyrir selló og fylgibassa. Hún er ein af a.m.k. níu slíkum sem tónskáldið samdi, líklega um 1730. Því næst kemur sarabanda úr franskri svítu sem Bach samdi fáeinum árum fyrr, sennilega í Köthen um 1722. Tjáningarrík laglínan býður upp á ýmsa möguleika þegar kemur að skreytilist, sem mjög var höfð í hávegum einmitt á þessu skeiði sögunnar.

Efnisskrá

Arcangelo Corelli	Sónata í C-dúr op. 5 (nr. 3/6) Grave Allegro Adagio Allegro Allegro
Jean-Baptiste Barrière	Sónata nr. 2 í d-moll, úr <i>Sonates, livre III</i> Adagio Allegro Aria. Largo Giga
Antonio Vivaldi	Largo úr sellósönötu í g-moll RV 42
Johann Sebastian Bach	Sarabande úr Franskri svítu nr. 5 í G-dúr BWV 816
Pierre Danican Philidor	Svíta nr. 5 í e-moll úr <i>Première livre des pièces</i> Trés lentement Allemande Sarabande Gigue
Georg Friedrich Händel	Flautusónata í F-dúr HWV 369 Larghetto Allegro Siciliana Allegro

Martin Bernstein er fæddur og uppalinn í New York borg. Hann byrjaði að leika á blokkflautu fjögurra ára gamall og hóf flautunám hjá hinum virta flautukennara Nina Stern snemma á unglingsárum. Hann hlaut fyrstu verðlaun í Piffaro flautukeppninni 2013 og ári síðar varð hann fyrstur Bandaríkjamanna til að hreppa gullverðlaun í Mieke van Weddingen keppninni í Belgíu. Árið 2015 var Martin valinn úr stórum hópi umsækjenda til að leika í útvarpsþættinum vinsæla *From the Top* í National Public Radio í Bandaríkjunum sem fjallar um ungt og upprennandi tónlistarfólk.

Martin hefur leikið á tónleikum og námskeiðum í Belgíu, Ítalíu, Þýskalandi, Sviss og Hollandi, og víða í Bandaríkjunum. Hann stundar nú nám í blokkflautu-, barokkfagott- og óbóleik við Konunglega tónlistarháskólann í Haag í Hollandi.

Hanna Loftsdóttir stundaði framhaldsnám í sellóleik við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn hjá Morten Zeuthen, og sérhæfði sig í barokkselló- og gömbuleik við Konunglega tónlistarháskólann í Haag. Kennarar hennar þar voru Jaap ter Linden og Philippe Pierlot. Hún kemur reglulega fram með fjölmörgum virtum barokkhópum og hljóm-sveitum, aðallega í Skandinavíu og á Íslandi. Þar má m.a. nefna Concerto Copenhagen, Camerata Øresund, Ensemble Zimmermann og Nordic Affect, sem einnig hefur lagt áherslu á flutning nútímatónlistar sem skrifuð er fyrir barokk-hljóðfæri.

Hanna hefur komið fram á þekktum tónlistarhátíðum svo sem Festival Oudemuziek Utrecht, Händel Festspiele í Halle og Renaissance hátíðinni í Kaupmannahöfn. Leik Hönnu með Nordic Affect má meðal annars heyra á sex geisladiskum. Á næsta ári má heyra leik Hönnu á geisladiski, sem BIS gefur út, með barokkhópnum Höör Barock undir stjórn blokkflautuvirtúósins Dan Laurin.

Árni Heimir Ingólfsson lauk B. Mus. gráðu í píanóleik og tónlistarfræði við Oberlin tónlistarháskólann og doktorsprófi í tónlistarfræði frá Harvard háskóla árið 2003. Hann hefur jafnframt stundað nám í semballeik hjá Guðrúnu Óskarsdóttur og Jacques Ogg, prófessor við Konunglega tónlistarháskólann í Haag.

Árni Heimir hefur ritað fjölda greina um íslenska tónlistarsögu og er höfundur tveggja bóka, *Jón Leifs - Líf í tónum*, sem kom út árið 2009 og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, og *Saga tónlistarinnar* sem kom út fyrir á þessu ári. Hann stofnaði Kammerkórinn Carmina árið 2004 og hefur stjórnað honum í Reykjavík, Bretlandi, Frakklandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Þá hefur hann stýrt tónlistarflutningi á hljómdiskum með lögum úr fornum íslenskum söngbókum. Diskarnir *Melódía* (2007) og *Hymnodia sacra* (2010) hlutu Íslensku tónlistarverðlaunin í flokki sígildrar tónlistar. Árni Heimir er listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands og gestaprófessor við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Martin Bernstein, born and raised in Brooklyn, NY, began playing the recorder at the age of four and started studying with the recorder virtuoso Nina Stern as a sophomore in high school. Shortly thereafter, he won Piffaro's 2013 National Young Performers Recorder Competition, and at 17, he took first prize in the International Mieke van Weddingen Competition in Belgium - the first American ever to do so.

By the time he graduated from high school, Martin's playing had been heard at festivals, master classes, competitions, and concerts in Belgium, Italy, Germany, Switzerland, the Netherlands, as well as across the U.S. and on National Public Radio. At that time, he was awarded a scholarship to study at the Royal Conservatoire of The Hague, where he currently studies with Reine-Marie Verhagen. He also studies baroque bassoon and oboe.

Hanna Loftsdóttir studied cello with Morten Zeuthen at the Royal Danish Conservatory in Copenhagen before specializing in baroque cello and gamba at the Royal Conservatory of The Hague. Her teachers there were Jaap ter Linden and Philippe Pierlot. Hanna appears regularly with leading baroque ensembles and orchestras, including Concerto Copenhagen, Camerata Øresund, Ensemble Zimmermann and Nordic Affect, which also presents modern works written for baroque instruments.

Hanna has appeared at major music festivals such as the Utrecht Early Music Festival, the Handel Festival in Halle, and the Copenhagen Renaissance Festival. Her playing can be heard on six CDs, and next year will see the release of her CD on the Swedish label BIS with the baroque ensemble Höör Barock and the recorder virtuoso Dan Laurin.

Árni Heimir Ingólfsson studied piano and music history at the Oberlin Conservatory of Music and completed his PhD in musicology at Harvard University in 2003. He has also studied harpsichord with Guðrún Óskarsdóttir and Jacques Ogg, professor at the Royal Conservatory of The Hague.

Árni Heimir is a leading scholar of Icelandic music history and is the author of two books, a biography of the Icelandic composer Jón Leifs, (nominated for the Icelandic Book Award in 2009), and the recently published *Saga tónlistarinnar*, a history of Western music. He has appeared as a choral conductor, leading the Carmina Chamber Choir in music from medieval Icelandic manuscripts, both at major European music festivals and on two award-winning CDs: *Melódía* (2007) and *Hymnodia sacra* (2010). He is currently Artistic Advisor to the Iceland Symphony Orchestra and a guest professor of Musicology at the Iceland Academy of the Arts.